

Sýning á verkum Ásgríms Jónssonar

— í tilefni þess að 100 ár eru liðin frá fæðingu hans

SJ—Reykjavík — Á laugardag kl. 5 verður opnuð að Kjarvalsstöðum sýning á verkum Ásgríms Jónssonar málara í tilefni af aldarafmæli hans 4. marz. Öll listaverkin á sýningunni eru úr Ásgrímssafni, gjöf listamannsins til íslenzku þjóðarinnar, að undanteknum sex myndum, sem aðrir hafa gefið safninu. Um 2/3 hlutar Ásgrímssafns, 272 málverk og myndir, eru á þessari stærstu einkasýningu sem haldin hefur verið hér í borg til þessa. Sýningin er bæði í austur og vestursal hússins, og einnig á göngum og í kaffistofu.

Ásgrímur Jónsson var einn af fyrstu listmálurum okkar. Hann ákvað ungur að helga sig myndlistinni, þótt hann hefði þá tæpast haft nokkur kynni af henni og pappír og skriffæri, hvað þá litir, væru fáséðar gersemar. Hann var fyrsti íslendingurinn, sem gerði myndlist að ævistarfi sínu eingöngu. Ásgrímur var Árnesingur. Eftir að hafa stundað erfiðisvinnu í sjö ár, sigldi hann til Kaupmannahafnar 1897 og hóf listnám, en vann jafnframt við húsgagnamálun. Árið 1903 hélt hann fyrstu málverkasýningu sína hérlendis. Flestum munu kunnug helztu viðfangsefni Ásgríms, íslenzk náttúra og heimur þjóðsagnanna. Á síðustu árum urðu náttúruhamfarir á Íslandi, eldgosin, eitt aðalviðfangsefni listamannsins. Ásgrímur lézt 5. apríl 1958.

Meðan sýningin á verkum Ásgríms stendur yfir að Kjarvalsstöðum, verða þar tvennir tónleikar Kammersveitar Reykjavíkur. Hljómsveitin mun leika verk eftir Mozart, sem var eftirlætistónskáld Ásgríms Jónssonar, en hann var mikill tónlistarunnandi.

Loðnan:

Engin veiði

gébé Rvík — Enginn bátur hafði tilkynnt loðnunefnd um afla í gær, enda bræla á lopnumiðunum, auk þess sem allur loðnuflotinn tók þátt í leitinni að Hafrúnu AR 28 frá Eyrarbakka.

Hljómleikar á Ísafirði

G.S.-Ísafirði. — **Í dag og á morgun efnir Sunnukórinn á Ísafirði ásamt Kammersveit Ísafjarðar, til hljómleika í Alþýðuhúsinu á Ísafirði.**

Kórinn hefur æft reglulega í allan vetur undir stjórn Hjálmars R. Ragnarssonar, og flytur á þessum hljómleikum 15 lög, sem fæst hafa verið sungin hér áður, m.a. íslenzk þjóðlög og nýraddsett erlend lög.

Í Kammersveitinni eru sex hljóðfæraleikarar. Hljómleikar þessir verða aðeins þessa tvo daga.

Búnaðarþing kýs nefnd til að semja frumvarp til laga um vinnuaðstoð í sveitum

MÓ-Reykjavík. Búnaðarþing hefur samþykkt að kjósa þriggja manna milliþinganefnd til að semja frumvarp til laga um vinnuaðstoð í sveitum. Nefndin á að skila áliti fyrir búnaðarþing 1977.

Það voru þeir Agnar Guðnason og Sigurður J. Líndal, sem lögðu fram erindi um forfallaþjónustu í sveitum. Búnaðarþing hefur áður samþykkt ályktanir um þau mál, og 1972 var stjórn Búnaðarfélagsins falið að kanna, hvort ástæða væri til að setja lög um vinnuaðstoð í sveitum hliðstæða lögum um heimilishjálp. Þá var því einnig beint til búnaðarmannasambandanna að taka til athugunar að skipuleggja vinnuaðstoð í veikinda- og slysatilfellum.

Búnaðarþing ályktar um eldi alifugla og anda

MÓ-Reykjavík — **Tvö mál voru afgreidd frá búnaðarþingi í gær, og þrjú mál voru til fyrri umræðu. Þá var eitt mál lagt fyrir þingið, svo að alls hafa nú 47 mál verið lögð fyrir búnaðarþing, sem staðið hefur í 9 daga.**

Í ályktun, sem samþykkt var á búnaðarþingi í gær, er stjórn Búnaðarfélags Íslands, í samráði við Framleiðsluráð landbúnaðarins, falið að kanna, hvort ekki sé möguleiki á að fá verulegan aukinn markað fyrir kjöt af alifuglum og öndum.

Jafnframt er skorað á Rannsóknastofnun landbúnaðarins að hefja búskapartilraunir með ræktun gæsa og anda við mismunandi aðstæður. Einnig er skorað á rannsóknastofnunina að kanna, hvort hagkvæmt reynist að taka egg úr varplöndum grágæsa, unga út, og ala ungana síðan upp þar til þeir séu hæfir til slátrunar.

Í ályktun búnaðarþings er bent á að kjöt af aligæsum og öndum þyki hinn mesti hátíðamatur, og þessir fuglar lifi að mestu leyti á innlendu fóðri, þ.e. grasi og heyi. Einnig er bent á, að það varði miklu fyrir íslenzkt þjóðfélag, að jafnan sé leitazt við að framleiða í landinu sjálfu sem fjölbreyttastar fæðutegundir á sem hagstæðustu verði.

„Ekki er vitað til að árangur hafi orðið af þessum ábendingum", segir í greinargerð með tillögunni, sem samþykkt var á búnaðarþingi í gær. Því þykir rétt að reyna nú þá leið, að búnaðarþing kjósi sjálft milliþinganefnd til að semja lagafrumvarp um málið, ef það þokaði því nær lausn en fyrri ályktanir hafa gert.

Sendiherra Íslands í Noregi

ÁRNI Tryggvason hefur afhent Ólafi V. Noregskonungi trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Íslands í Osló.

Húsnæðismálastjórn:

Nýbyggingarlán hækka um hálfa milljón kr.

— Félagsmálaráðherra vinnur að úrbótum varðandi lán til kaupa á eldri íbúðum, sem eru óveruleg

Gsal-Reykjavík — **Gunnar Thoroddsen, félagsmálaráðherra hefur í samræmi við tillögur húsnæðismálastjórnar ákveðið hámarksupphæð húsnæðismálastjórnarlána til þeirra sem gera fokhelt á þessu ári, og verður upphæðin á þessu ári 2.3 milljónir kr, en var á s.l. ári 1,7 milljónir kr. Reiknað er með að fjárhæðin skiptist svo til í þrjá jafna hluta, eins og var s.l. ár.**

Hækkun þessi er byggð á hækkun á byggingavísitölu.

Hámarkslán til kaupa á eldri íbúðum hefur ekki breytzt frá sl. ári, en þá var það 400 þús. kr. Í lögum er ráð fyrir því gert, að lán til kaupa á eldri íbúðum megi vera allt að helmingur nýbyggingarlána, en í reynd hefur svo ekki verið, vegna fjármagnsskorts hjá Byggingarsjóði. 160 milljónum er í ár varið til lána vegna kaupa á eldri íbúðum, og er það sama fjárhæð og í fyrra.

Jafnaðarlán vegna kaupa á eldri íbúðum frá húsnæðismálastjórn var 300 þús. kr. s.l. ár. Gunnar Thoroddsen, félagsmálaráðherra, vinnur nú að úrbótum hvað þessi lán snertir, en engar ákvarðanir hafa þó enn verið teknar í þeim efnum.

Kvikmyndagerðarmenn hættir að vinna fyrir sjónvarpið

— Fréttakvikmyndatökumenn úti á landi taka þátt í aðgerðunum

SJ—Reykjavík — **Félag kvikmyndagerðarmanna hefur lýst yfir banni á alla „free-lance" vinnu félagsmanna fyrir Ríkisútvarpið-Sjónvarp, þar til samningar takast með þessum aðilum. Þá hafa fréttakvikmyndatökumenn Sjónvarpsins utan Reykjavíkur, sem hafa aukaaðild að Félagi kvikmyndagerðarmanna, hætt sendingum á efni til Sjónvarpsins.**

Ástæðan fyrir þessum aðgerðum er ágreiningur um greiðslur og sýningarrétt. Í síðast liðnum mánuði slitnaði upp úr viðræðum fulltrúa Ríkisútvarps-Sjónvarps og Félags kvikmyndagerðarmanna.

Félag kvikmyndagerðarmanna hefur farið fram á 1,3 milljónir króna fyrir 30 mínútna kvikmynd, en sjónvarpið vill borga helmingi lægra verð. Samkvæmt upplýsingum frá Félagi kvikmyndagerðarmanna er framleiðslukostnaður 30 mínútna myndar u.þ.b. þrjár milljónir króna.

Bandalag íslenzkra listamanna og formenn aðildarfélaga þess, stjórn Rithöfundasambands Íslands og Norðurlandadeild FISTAV, sem munu vera alþjóðasamtök starfsmanna útvarps, sjónvarps og kvikmynda, hafa lýst stuðningi við Félag kvikmyndagerðarmanna í kjarabaráttu þeirra. Hvað sýningarréttinum viðkemur telja kvikmyndagerðarmenn sig fara fram á svipað og Félag íslenzkra leikara hefur þegar fengið viðurkennt í samningum við Ríkisútvarp-Sjónvarp.

Um 30 eru í Félagi kvikmyndagerðarmanna, þar af starfa um 15 hjá Sjónvarpinu og nær bannið ekki til vinnu þeirra, sem eru fastráðnir ríkisstarfsmenn, eða endursýninga á verkum, sem þeir hafa áður unnið sem slíkir.

Félag kvikmyndagerðarmanna hefur farið fram á bann félaga kvikmyndagerðarmanna á Norðurlöndum á dreifingu kvikmynda, sem félagsmenn þeirra hafa gert, til Ríkisútvarps- Sjónvarps, þar til samningar hafa tekizt.

Skagfirzkir sjómenn ýmist í verkfalli eða á sjó

GÓ—Sauðárkróki — **Sjómenn hér eru í sérstakri deild í verkalýðsfélaginu, og þar var fundur haldinn um nýju samningana og þeir felldir. Samt sem áður sigldi togarinn Skafti út strax að fundinum loknum, en hann er skráður á Hofsósi. Hinir togararnir tveir frá Útgerðarfélagi Skagfirðinga liggja hins vegar bundnir við bryggju.**

Allir togararnir voru á veiðum þar til um helgina, að Skafti landaði 110 tonnum á laugardag, en Drangey landaði 140 tonnum á mánudag. Helganes sigldi hins vegar til Færeyja með aflann og landaði þar, en kom hingað til Sauðárkróks að lokinni söluferðinni, og lenti þá í verkfallinu.

Nú er unnið af kappi í fyrstihúsinu að vinnslu aflans, en verkfalli er lokið hjá öllu fólki í landi.